

**Nr. 17-021 S 013 Þytur SK 18****Leki og sekkur**

Skipaskr.nr. 2199  
 Útgerð: B. Jónsson ehf.  
 Smíðaður: Mótun 1993 Trefjaplast  
 Stærð: 5,99 bt  
 Mesta lengd: 7,96 m Skráð lengd: 7,92 m  
 Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,42 m  
 Vél: Volvo Penta, 210 kw, árg. 2008  
 Fjöldi skipverja: 2



Þytur ©Fiskifrétir

**Gögn:**  
 Lögregluskýrsla  
 Gögn RNSA


Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


**Atvikalýsing:**

Þann 4. mars 2017 var Þytur SK 18 á handfæraveiðum í mynni Skagafjarðar. Veður: A 8-13 m/s og ölduhæð 1 m.

Á veiðunum urðu skipverjar varir við að sjór var kominn í bátinn og höfðu þeir samband við Vaktstöð siglinga (VSS) og óskuðu eftir aðstoð. Þyrta LHG og björgunarskipið Sigurvin frá Siglufirði voru kölluð út en auk þess var kallað á nærstödd skip og þau beðin um að halda á svæðið. Herkúles flugvél frá Atlantshafsbandalaginu (NATO) var fyrst á svæðið og voru þá skipverjar komnir í björgunarbát. Stuttu síðar kom færeyska uppsjárarskipið Finnur fríði og bjargaði skipverjunum.



Mynd 1 Rauða örin sýnir hvaðan síðasta merkið kom úr AIS kerfi Þyts



Mynd 2 Ferill Þyts úr ferilskráningarkerfi VSS, rauða örin sýnir síðasta AIS merkið

Ekki tókst að bjarga Þyt og sökk hann í námunda við stað, 66°09N og 019°30V.

#### Við rannsókn kom fram:

- að einungis var hægt að byggja rannsóknina á framburði skipverja en eftirfarandi tíma- og aðgerðarskráningar eru frá VSS;

Tímasetningar:	Atvikalýsing:
Kl. 11:04	Þytur fer úr höfn frá Sauðákrók.
Kl. 19:58	Tilkynning kemur frá Þyt á VHF 16 að mikill sjór sé kominn í bátinn á stað, 66°09,775N og 019°30,574V. Strax kallað út „MAYDAY relay“ og skip á svæðinu beðin að halda í staðsetningu bátsins. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þyrluáhöfn kölluð út á „A“ forgangi.</li> <li>• B/b Sigurvin/TFSJ frá Siglufirði kallaður út.</li> <li>• B/b Húnabjörg frá Skagaströnd kölluð út.</li> </ul> Eftirtalin skip héldu strax áleiðis á staðinn: Laugarnes/TFSSO, Blængur/TFXD, Finnur Fríði/XPPX, Sólbakur/TFBC
Kl. 19:59	Síðast merki frá AIS kerfi Þyts á stað, 66°09'775N og 019°30'574V
Kl. 20:09	Þytur svarar ekki kalli lengur í talstöð, VHF 16
Kl. 20:26	Neyðarskeyti koma frá neyðarsendi merktum Þyt.
Kl. 20:32	Þyrla LHG TF-LIF á eftir 40 mín á staðinn og Herkúles flugvél 20 mín.

Tímasetningar:	Atvikalýsing:
Kl. 20:45	Skipstjóri Þyts hringir í VSS í gegnum Neyðarlínu og tilkynnti að þeir væru komnir í gúmmíbjörgunarbat kaldir en ómeiddir. Skip á svæðinu beðin um að halda áfram á staðinn.
Kl. 21:01	TF-LIF tilkynnir að Herkúles flugvélin hefði fundið gúmmíbjörgunarbatinn og myndi sveima yfir honum þar til skip kæmi á vettvang.
Kl. 21:19	Færeyska loðnuskipið Finnur Fríði kemur að gúmmíbjörgunarbatnum og tekur mennina um borð. TF-LIF tekur síðan skipverjana frá skipinu.
Kl. 22:15	TF-LIF lendir með mennina á Sauðárkrók
	B/b Sigurvin tilkynnir að aðeins lítil hluti stefnis Þyts standi upp úr sjó og telur að hann muni sökkva fljótlega. Ekki væri hægt að draga hann til lands.


- að eins og fram hefur komið er ekki vitað hvað olli sjósöfnun í vélarýminu en annar skipverjinn sagði að þeir hefðu lent í vandræðum um morguninn þegar þeir ætluðu af stað í ferðina. Þá hefði allt verið frosið í kringum lensingu frá lest og allt sjóinntakið. Frostskán var í botni vélarúmsins og frosið í síuhúsi. Til að þýða þetta hefðu þeir sett ofn í vélarúmið og hellt heitu vatni á lagnirnar. Þeir fóru síðan frá borði og biðu með brottför þar til þetta var komið í lag;
- að fram kom hjá skipverjum að þeim hafi fundist hreyfingar bátsins vera orðnar óeðlilegar og litið í vélarúmið. Það var þá orðið hálfhullt af sjó og lak hratt inn í það en þeir gátu ekki staðsett lekann;
- að lekaviðvörunarkerfi (flotrofi) var í bátnum og að sögn skipverja hafði það virkað nokkru áður þegar leki kom að vélarýminu í gegnum stefnisrör. Viðvörunarkerfið hefði ekki virkað í þetta sinn;
- að sjálfvirk lensidæla var í vélarúminu og skipverjar kváðust ekki hafa vitað betur en að hún hefði átt að vera í lagi;
- að skipverjar tóku ekki eftir að sjór hefði komist í lestina en göt voru á þilinu frá vélarúminu fyrir rafmagnslagnir;
- að aðalskoðun á bátnum hafði verið gerð 10. febrúar 2017 og var gildistími hennar til 08. febrúar 2018. Niðurstaða skoðunar var án nokkurra athugasemda;
- að haffærisskírteini hafði verið gefið út 13.2.2017 og gildi til 31.8.2017;
- að björgunarbúningarnir voru af gerðinni REGATTA og úr NEOPRENE efni að mestu stærð (X LARGE) fyrir einstaklinga á bilinu 188-228 cm á hæð. Þeir voru ónotaðir og í óopnuðum umbúðum þegar gripið var til þeirra;
- að fram kom að mjög erfiðlega hefði gengið fyrir annan skipverjann að komast í björgunarbúning. Þetta fólst í því að mikil hindrun reyndist vera á því að koma höndum í gegnum ermi og fram í vettling;

- að við samanburð á björgunarbúningunum tveimur kom í ljós talsverður munur var á ermum og vettlingum þeirra (*sjá mynd 3*). Var annar þeirra eins og hann væri krumpaður;



Mynd 3 Myndirnar sýna misjafnt ástand á ermum búninganna

- að RNSA gerði tillögu í öryggisátt í máli nr. 04915 til Samgöngustofu um að gerð yrði úttekt á björgunarbúningum úr Neopren efni með áfestum fingravettlingum þar sem ítrekað hafa komið upp vandamál við að komast í þá. Tillagan hefur ekki verið afgreidd af hálfu Samgöngustofu;
- að eftir að skipverjarnir voru komnir í björgunarbátinn vildu þeir losa bátinn frá flakinu og skáru á línu sem þeir töldu að væri fangalína bátsins. Síðar kom í ljós að þeir höfðu skorið rekakkerið frá bátnum;
- að skipverjarnir töldu mögulegt að breytingar á höfninni með nýjum varnargarði gætu hafa gert það að verkum að það hefði frosið hjá þeim;
- að skipverjar töldu að vegna garðsins í höfninni hefði getað myndast meira ferskvatn við flotbryggjurnar og það lagt af ís;
- að samkvæmt upplýsingum frá hafnaryfirvöldum hafði báturinn legið þarna í höfninni óhreyfður um tíma (*síðasta löndun skráð 31. janúar 2017*). Fram



Mynd 4 Lega Þyts í höfninni og nýi garðurinn

kom að varnargarðurinn hefði verið gerður sumarið 2016 til að veita skjól fyrir smábáta við flotbryggjurnar. Það kom einnig fram að hafnaryfirvöld vissu ekki til þess að smábátahöfnin hefði lagt um veturinn né um ferskvatnsmyndunina. Myndavélakerfi hafnarinnar hefði staðfest það;

- að tryggingafélag bátsins gerði tilraun að finna flak Þyts með það að markmiði að ná bátnum upp en þrátt fyrir leit fannst það ekki.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Nefndin ítrekar tillögu sína í öryggisátt í máli nr. 04915 til Samgöngustofu varðandi björgunarbúninga úr Neopren efnum.